

2009:1 • 27. nóvember 2009

## Sveitarstjórnarkosningar 27. maí 2006

*Local government elections 27 May 2006*

### Samantekt

Sveitarstjórnarkosningar fóru fram 27. maí 2006 og náðu til allra 79 sveitarfélaganna á landinu. Í 60 sveitarfélögum með 99% kjósenda var bundin hlutfallskosning og þar af var sjálfkjörið í tveimur sveitarfélögum þar sem aðeins var borinn fram einn listi. Kosning var óbundin í 19 sveitarfélögum þar sem rúmt 1% kjósenda voru á kjörskrá. Kjósendur á kjörskrá fyrir sveitarstjórnarkosningarnar 2006 voru 216.163 eða 71,3% landsmanna. Karlar á kjörskrá voru 107.494 (49,7%) og konur 108.669 (50,3%). Í sveitarstjórnarkosningunum 2006 greiddu atkvæði 169.976 kjósendur í 77 sveitarfélögum, eða 78,7% af þeim 215.932 sem voru þar á kjörskrá. Í tveimur sveitarfélögum, með samtals 231 á kjörskrá var einn listi í framboði og því sjálfkjörinn án atkvæðagreiðslu. Í 60 sveitarfélögum komu fram 172 framboðslistar, þar af var einn listi í boði í tveimur kjördænum og því sjálfkjörið. Tala frambjóðenda í sömu sveitarfélögum var 2.675 og skiptist í 1.503 karla (56,2%) og 1.172 konur (43,8%). Alls voru kjörnir 529 sveitarstjórnarmenn á landinu öllu, 339 karlar (64,1%) og 190 konur (35,9%) og hefur hlutfall kvenna af kjörnum fulltrúum hækkað úr 31,5% árið 2002.

**Tafla 1. Sveitarstjórnarkosningar 27. maí 2006**

*Table 1. Local government elections 27 May 2006*

	Alls <i>Total</i>	Karlar <i>Males</i>	Konur <i>Females</i>
Á kjörskrá alls <i>Electoral roll, total</i>	<b>216.163</b>	<b>107.494</b>	<b>108.669</b>
Á kjörskrá þar sem kosning fór fram <sup>1</sup>			
<i>Electoral roll where election took place<sup>1</sup></i>	215.932	107.367	108.565
Greidd atkvæði <i>Votes cast</i>	169.976	83.804	86.172
Kosningaþátttaka alls, % <i>Participation percent, total</i>	78,7	78,1	79,4
Bundin hlutfallskosning <i>Proportional vote</i>	78,8	78,2	79,5
Óbundin kosning <i>Direct vote</i>	69,1	66,9	71,7
Gild atkvæði <i>Valid votes</i>	165.890	•	•
Auðir seðlar og ógildir <i>Blank and void</i>	4.086	•	•
Frambjóðendur <i>Candidates</i>	2.675	1.503	1.172
Kjörnir fulltrúar <i>Elected representatives</i>	529	339	190
Bundin hlutfallskosning <i>Proportional vote</i>	436	275	161
Óbundin kosning <i>Direct vote</i>	93	64	29

<sup>1</sup> Sjálfkjörið var í tveimur sveitarfélögum. *Only one list was offered in two municipalities and hence no voting there.*



## Framkvæmd kosninganna

### *Kosningar bundnar og óbundnar*

Lög um kosningar til sveitarstjórnna tóku gildi 13. mars 1998<sup>1</sup> og ný sveitarstjórnarlög 1. júní 1998.<sup>2</sup> (Áður giltu um kosningar til sveitarstjórnna lög um kosningar til Alþingis frá árinu 1987<sup>3</sup>, með þeim frávikum sem kveðið var á um í sveitarstjórnarlögum sem sett voru árið 1986.<sup>4</sup>) Samkvæmt lögum er kjörtímabil sveitarstjórnna fjögur ár og fara almennar sveitarstjórnarkosningar fram í öllum sveitarfélögum landsins síðasta laugardag í maímánuði sem ekki ber upp á laugardag fyrir hvítasunnu.<sup>5</sup> Fulltrúar í sveitarstjórnnum skulu kjörnir í leynilegum almennum kosningum sem eru með tvennu móti:

- Bundnar hlutfallskosningar þar sem kosning er bundin við framboð á listum og fulltrúar á hverjum lista ná kjöri í hlutfalli við það atkvæðamagn sem listinn fær.
- Óbundnar kosningar þar sem kosning er ekki bundin við framboð en allir kjós-endur eru í kjöri nema þeir sem löglega eru undanþegnir skyldu til að taka kjöri og hafa fyrirfram skorast undan því.<sup>6</sup>

### *Kosningarréttur 2006*

Í sveitarfélögum skal almennt kjósa bundinni hlutfallskosningu. Komi enginn framboðslisti fram áður en framboðsfresti lýkur eða svo fá nöfn eru á framboðslistum að sveitarstjórn verður ekki fullskipuð í bundinni kosningu skal kosning verða óbundin.<sup>7</sup> Kosningarrétt við kosningar til sveitarstjórnar á hver íslenskur ríkisborgi sem náð hefur 18 ára aldri þegar kosning fer fram og á lögheimili í sveitarfélagini.<sup>8</sup> Hver maður á kosningarrétt í því sveitarfélagi þar sem hann er skráður með lögheimili samkvæmt íbúaskrá þjóðskrár þremur vikum fyrir kjördag<sup>9</sup> (6. maí fyrir kosningarnar 2006). Viðmiðunartími þessi hefur færst nær kjördegi í nokkrum áföngum á undanförnum 20 árum. Kjörgengir í sveitarstjórn eru allir þeir sem kosningarrétt eiga í sveitarfélagini og hafa ekki verið sviptir lögræði.<sup>10</sup>

### *Kjörskrár*

Sveitarstjórnir semja kjörskrár eftir kjörskrárstofnum sem Hagstofa Íslands (þjóðskrá) lætur þeim í té<sup>11</sup> og þær gera síðan svo úr garði að úr verður gild kjörskrá.

Sveitarstjórnarlög frá 1986 giltu til 1998<sup>12</sup>, þar áður sveitarstjórnarlög frá 1961<sup>13</sup> og lög um sveitarstjórnarkosningar frá 1962<sup>14</sup> sem tóku við af lögunum frá 1929 og 1936.

---

<sup>1</sup> Lög um kosningar til sveitarstjórnna nr. 5 6. mars 1998, breytt með lögum nr. 82/1998, lögum nr. 27/2002.

<sup>2</sup> Sveitarstjórnarlög nr. 45 3. júní 1998, breytt með lögum nr. 123/1998.

<sup>3</sup> Lög um kosningar til Alþingis nr. 80 16. október 1987, sbr. lög nr. 10/1991, lög nr. 92/1991 og lög nr. 9/1995.

<sup>4</sup> 12. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8 18. apríl 1986.

<sup>5</sup> 1. gr. laga nr. 5/1998.

<sup>6</sup> 19. gr. laga nr. 5/1998.

<sup>7</sup> 20. gr. laga nr. 5/1998.

<sup>8</sup> 1. mgr. 2. gr. laga nr. 5/1998.

<sup>9</sup> 5. gr. laga nr. 5/1998.

<sup>10</sup> 3. gr. laga nr. 5/1998.

<sup>11</sup> 4. gr. laga nr. 5/1998.

<sup>12</sup> Lög nr. 8/1986.

<sup>13</sup> Lög nr. 58/1961.

<sup>14</sup> Lög nr. 5/1962.

*Kosningarréttur 1930–2002*

Kosningarréttur til sveitarstjórnar hefur verið rýmkaður nokkrum sinnum undanfarna áratugi. Kosningaraldur var 21 ár í kosningunum 1930–1966,<sup>1</sup> 20 ár í kosningunum 1970–1982<sup>2</sup> og 18 ár frá 1986.<sup>3</sup> Skilyrði um óflekkad mannorð var fellt niður með sveitarstjórnarlögum frá 1961. Ríkisborgarar annars staðar af Norðurlöndum fengu kosningarrétt til sveitarstjórnar árið 1982 ef þeir höfðu átt lögheimili hér á landi í þrjú ár samfellt miðað við 1. desember næstan fyrir kjördag<sup>4</sup> kjördag<sup>4</sup> og ríkisborgarar annarra landa gátu fyrst kosið við sveitarstjórnarkosningar 2002 ef þeir höfðu átt lögheimili hér á landi í fimm ár samfellt miðað við 1. desember næstan fyrir kjördag.<sup>5</sup> Skilyrði um að maður væri ekki sviptur lögræði til þess að eiga kosningarrétt fellið niður 1986.<sup>6</sup>

*Kosningaskýrsla*

Samkvæmt lögum um kosningar til sveitarstjórnna<sup>7</sup> skal yfirkjörstjórn senda Hagstofu Íslands skýrslu um kosninguna ritaða á eyðublað sem Hagstofan lætur í té. Jafnframt því sem kjörskrárstofnar voru sendir út til sveitarstjórnna í maíþyrjun fengu yfirkjörstjórnir send eyðublöð fyrir kosningaskýrslu til Hagstofunnar.

*Breytt gagnaöflun*

Við undirbúning kosninganna 2006 var ákveðið í samráði við félagsmálaráðuneytið að einfalda gagnaöflun Hagstofunnar frá því sem verið hafði og að hún yrði með eftirfarandi hætti. Félagsmálaráðuneytið aflaði upplýsinga frá sveitarstjórnum um framboðslista, birti listana á kosningavef ráðuneytisins og Hagstofan nýtti sér þær upplýsingar. Hagstofan aflaði hins vegar upplýsinga um kosningaþátttöku beint frá yfirkjörstjórnum. Yfirkjörstjórnum bar að tilkynna félagsmálaráðuneyti um úrslit kosninganna þ.e. atkvæði greidd hverjum lista eða manni og atkvæði sem hver kjörinn fulltrúi fékk í sæti sitt eða ofar. Hagstofan fengi síðan ofangreindar upplýsingar beint frá ráðuneytinu. Með hliðsjón af þessu sendi Hagstofan út eitt eyðublað til yfirkjörstjórnna sveitarfélaga með tveimur töflum um kosningaþátttöku, annars vegar um kjósendur á kjörskrá og greidd atkvæði og hins vegar um kosningaþátttöku erlendra ríkisborgara. Var jafnframt sendur út listi yfir erlenda ríkisborgara á kjörskrá í viðkomandi sveitarfélagi.

Skil og frágangur á skýrslum til Hagstofunnar gekk í megindráttum vel og betur en við kosningarnar 2002. Í nokkrum tilvikum voru upplýsingar ekki fullnægjandi og voru tölur þá áætlaðar með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum. Í talnaefni þessarar skýrslu kemur því fyrir að byggt er á áætluðum tölum að hluta, án þess að þess sé getið. Þetta getur fyrst og fremst skipt máli þar sem birtar eru tölur fyrir einstök sveitarfélög.

<sup>1</sup> 1. mgr. 1. gr. laga nr. 59/1929.

<sup>2</sup> 1. mgr. 18. gr. laga nr. 58/1961, sbr. 1. gr. laga nr. 81/1967.

<sup>3</sup> 1. mgr. 19. gr. laga nr. 8/1986.

<sup>4</sup> 3. mgr. 18. gr. laga nr. 58/1961, sbr. 3. mgr. 2. gr. laga nr. 9/1982.

<sup>5</sup> 3. mgr. 2. gr. laga nr. 5/1998, sbr. 1. gr. laga nr. 27/2002.

<sup>6</sup> Lög nr. 8/1986.

<sup>7</sup> 88. gr. laga nr. 5/1998

## Kjósendur á kjörskrá

### Fækkun sveitarfélaga

Fjöldi sveitarfélaga við sveitarstjórnarkosningarnar 27. maí 2006 var 79 en var 105 í kosningunum 2002. Með sameiningu sveitarfélaga á undanförnum árum hefur sveitarfélögum fækkað mikið en þau voru 204 við kosningarnar 1990.

### Kjörskrárstofn

Fjöldi kjósenda samkvæmt kjörskrárstofni sem Hagstofa (þjóðskrá) létt sveitarfélögum í té í byrjun maí var 216.191. Þegar sveitarfélögin höfðu gert þær breytingar á kjörskrárstofni fram að kjördag sem þeim var heimilt að gera t.d. vegna andláts, fjölda þeirra sem fengið höfðu nýtt ríkisfang eftir að kjörskrárstofn var gerður eða annarra leiðrétti, fækkaði kjósendum um 28.

### Kjósendur á kjörskrá

Kjósendur á endanlegri kjörskrá fyrir sveitarstjórnarkosningarnar 2006 voru 216.163 eða 71,3% landsmanna miðað við mannfjölda 1. maí 2006 sem var 303.038. Karlar á kjörskrá voru 107.494 (49,7%) og konur 108.669 (50,3%). Kjósendum fjöldaði um 11.218 frá síðustu sveitarstjórnarkosningum eða um 5,5%. Þá var tala þeirra 204.945 eða 71,3 % af íbúafjölda. Þeir kjósendur sem fengu að kjósa í fyrsta sinn til sveitarstjórnar sökum aldurs voru um 16.500 eða 7,6% kjósenda.

Meðal þeirra sem voru á kjörskrárstofnum fyrir kosningarnar í maí 2006 voru 1.852 menn með lögheimili annars staðar á Norðurlöndum. Erlendir ríkisborgarar sem voru búsettir hér og höfðu kosningarrétt við sveitarstjórnarkosningarnar voru 4.468 talsins þar af 944 frá öðrum Norðurlöndum og 3.524 frá öðrum ríkjum samkvæmt kjörskrárstofnum.

### Bundin og óbundin kosning

Kosið var bundinni hlutfallskosningu í 60 sveitarfélögum þar sem 98,7% kjósenda voru á kjörskrá og þar af var sjálfkjörið í tveimur sveitarfélögum þar sem aðeins var borinn fram einn listi. Kosning var óbundin í 19 sveitarfélögum þar sem 1,3% kjósenda voru á kjörskrá.

Sveitarfélög með 300 íbúa eða fleiri voru 60 talsins og var bundin hlutfallskosning í 54 (þar af í öllum sem voru með 1000 íbúa eða fleiri) og óbundin kosning í sex sveitarfélögum. Af 19 sveitarfélögum með íbúa undir 300 var kosning bundin í sex þar af sjálfkjörið í tveimur en óbundin kosning var í 13 sveitarfélögum.

**Tafla 2. Sveitarfélög eftir stærð og kosningahætti 2006**

*Table 2. Municipalities by size and election mode 2006*

	Landið allt <i>Whole country</i>	Fjöldi íbúa >>999	Number of inhabitants 300–999	<300
<b>Alls Total</b>	<b>79</b>	<b>32</b>	<b>28</b>	<b>19</b>
Bundin hlutfallskosning <i>Proportional vote</i>	60	32	22	6
Sjálfkjörið <i>One list elected without voting</i>	2	—	—	2
Óbundin kosning <i>Direct vote</i>	19	—	6	13

Tala kjósenda á kjörskrá í hverju sveitarfélagi og á hverjum kjörstað er sýnd í töflu 24. Í töflu 19 er sýnd tala kjósanda á hvern sveitarstjórnarmann og í töflu 6 kemur fram hlutfallsleg breyting kjósenda á kjörskrá frá kosningunum 2002 eftir landsvæðum og ræður flokkun sveitarfélaga árið 2006 hvar þau teljast.

**Tafla 3. Sveitarstjórnarkosningar eftir stærð sveitarfélaga 2006**  
**Table 3. Local government elections by size of municipalities 2006**

	1.000 íbúar Landið allt <i>Whole country</i>	32 og fleiri <i>1,000 inhab. or more</i>	28 íbúar <i>300–999 inhabitants</i>	19 eða færri <i>Less than 300 inhab.</i>
<b>Sveitarfélög Municipalities</b>	79	32	28	19
<b>Frambjóðendur Candidates</b>	2.675	1.940	635	100
Karlar Males	1.503	1.072	365	66
Konur Females	1.172	868	270	34
<b>Kjósendur á kjörskrá</b>				
<b>Voters on the electoral roll</b>	<b>216.163</b>	<b>202.270</b>	<b>11.856</b>	<b>2.037</b>
Hlutfall kjósenda af íbúatölu				
Percent of population	71,3	71,4	69,5	74,3
Karlar Males	107.494	100.081	6.291	1.122
Konur Females	108.669	102.189	5.565	915
<b>Greidd atkvæði Votes cast</b>	<b>169.976</b>	<b>158.620</b>	<b>9.956</b>	<b>1.400</b>
Karlar Males	83.804	77.839	5.201	764
Konur Females	86.172	80.781	4.755	636
Par af utan kjörfundar Absentee votes thereof	22.371	20.732	1.499	140
<b>Kosningapátttaka, % Participation, %<sup>1</sup></b>	<b>78,7</b>	<b>78,4</b>	<b>84,0</b>	<b>77,5</b>
Karlar Males	78,1	77,8	82,7	76,8
Konur Females	79,4	79,1	85,4	78,4
<b>Úrslit Outcome</b>				
Atkvæðaseðlar Ballots, total				
Gildir Valid votes	165.890	154.886	9.634	1.370
Auðir og ógildir Blank and void	4.086	3.734	322	30
Fulltrúar Representatives, total	529	268	168	93
Karlar Males	339	164	109	66
Konur Females	190	104	59	27
<b>Hlutfallsleg skipting Percentages</b>				
<b>Sveitarfélög Municipalities</b>	100,0	40,5	35,4	24,1
<b>Frambjóðendur Candidates</b>	100,0	72,5	23,7	3,7
Karlar Males	100,0	71,3	24,3	4,4
Konur Females	100,0	74,1	23,0	2,9
<b>Kjósendur á kjörskrá</b>				
<b>Voters on the electoral roll</b>	<b>100,0</b>	<b>93,6</b>	<b>5,5</b>	<b>0,9</b>
Karlar Males	100,0	93,1	5,9	1,0
Konur Females	100,0	94,0	5,1	0,8
<b>Greidd atkvæði Votes cast</b>	<b>100,0</b>	<b>93,3</b>	<b>5,9</b>	<b>0,8</b>
Karlar Males	100,0	92,9	6,2	0,9
Konur Females	100,0	93,7	5,5	0,7
Par af utan kjörfundar Absentee votes thereof	100,0	92,7	6,7	0,6
<b>Úrslit Outcome</b>				
Atkvæðaseðlar Ballots, total				
Gildir Valid votes	100,0	93,4	5,8	0,8
Auðir og ógildir Blank and void	100,0	91,4	7,9	0,7
Fulltrúar Representatives, total	100,0	50,7	31,8	17,6
Karlar Males	100,0	48,4	32,2	19,5
Konur Females	100,0	54,7	31,1	14,2

<sup>1</sup> Kosningapátttaka í sveitarfélögum þar sem kosning fór fram. *Participation in municipalities where voting took place.*

## Kosningabátttaka

*Kosningabátttaka 78,7% — sú minnsta síðan 1950*

Í sveitarstjórnarkosningunum 2006 greiddu 169.976 kjósendur atkvæði í 77 sveitarfélögum eða 78,7% af þeim 215.932 kjósendum sem voru þar á kjörskrá. Í tveimur sveitarfélögum (Tjörneshreppi og Breiðdalshreppi) með alls 231 á kjörskrá var einn listi í framboði og hann því sjálfkjörinn án atkvæðagreiðslu. Kosningabátttakan árið 2006 var sú minnsta síðan árið 1950 þegar hún var 78% en allt tímabilið þar á milli var hún á bilinu 80–88%. Mest hefur pátttakan í sveitarstjórnarkosningum orðið 87,8%, árið 1974 en hún var 83,2% í kosningunum 2002.

**Tafla 4. Kosningabátttaka í sveitarstjórnarkosningum 1986–2006**

*Table 4. Participation in local government elections 1986–2006*

	1986	1990	1994	1998	2002	2006
Sveitarfélög <i>Municipalities</i>	223	204	171	124	105	79
Kjósendur á kjörskrá <i>Voters on the electoral roll</i>	169.038	177.483	186.454	193.632	204.945	216.163
Hlutfall kjósenda af íbúatölu <i>Percent of population</i>	69,6	69,7	70,1	71,2	71,3	71,3 <sup>1</sup>
Karlar <i>Males</i>	84.433	88.561	93.012	96.396	101.821	107.494
Konur <i>Females</i>	84.605	88.922	93.442	97.236	103.124	108.669
Greidd atkvæði <i>Votes cast</i>	138.139	144.485	161.152	159.187	168.913	169.976
Karlar <i>Males</i>	69.339	72.258	79.924	78.544	83.027	83.804
Konur <i>Females</i>	68.800	72.227	81.228	80.643	85.886	86.172
Par af utan kjörfundar <i>Absentee votes thereof</i>	12.562	13.207	15.539	15.877	16.610	22.371
Hlutfall af greiddum atkvæðum <i>Hlutfall af greiddum atkvæðum</i>						
Percent of votes cast	9,1	9,1	9,6	10,0	9,8	13,2
Kosningabátttaka, þar sem ekki var sjálfkjörið, % <i>Participation, percent<sup>2</sup></i>	81,9	82,0	86,6	82,3	83,2	78,7
Karlar <i>Males</i>	82,3	82,2	86,1	81,5	82,3	78,1
Konur <i>Females</i>	81,5	81,7	87,1	83,0	84,0	79,4

1 Hlutfall kjósenda af íbúatölu 1. maí 2006. *Percent of population May 1st 2006.*


2 *Participation in municipalities where voting took place.*

*Kosningabátttaka kvenna  
meiri en karla*

Í kosningunum 2006 greiddu 83.804 karlar og 86.172 konur atkvæði. Voru karlar 49,7% þeirra sem greiddu atkvæði og konur 50,3%. Kosningabátttaka karla var 78,1% (82,3% árið 2002) og kvenna 79,4% (84,0% árið 2002). Hefur kosningabátttaka kvenna verið meiri en karla í sveitarstjórnarkosningum 1994 og síðar og í alþingiskosningum 1995 og síðar og einnig við forsetakjör frá árinu 1980 hefur pátttaka kvenna orðið meiri en karla. Áður var kosningabátttaka karla ávallt meiri en kvenna.

### Mynd 1. Kosningaþátttaka í sveitarstjórnarkosningum 1950–2006<sup>1</sup>

Figure 1. Participation in local government elections 1950–2006<sup>1</sup>



<sup>1</sup> Kosningaþátttaka er miðuð við tölu kjósenda á kjörskrá þar sem kosning fór fram. *Participation refers to those on electoral roll where voting took place.*

Kosningaþátttaka meiri í bundnum en óbundnum kosningum

Kosningaþátttaka er á heildina litið meiri í bundnum listakosningum en óbundnum kosningum. Var kosningaþátttakan 78,8% í sveitarfélögum þar sem bundnar hlutfallskosningar fóru fram en 69,1% þar sem kosning var óbundin. Í báðum tilvikum var kosningaþátttaka kvenna meiri en karla.

**Tafla 5. Bundnar hlutfallskosningar og óbundar kosningar 1998–2006**  
Table 5. Proportional vote and direct vote 1998–2006

	Bundin hlutfallskosning Proportional vote			Óbundin kosning Direct vote		
	1998	2002	2006	1998	2002	2006
Sveitarfélög Municipalities	66	66	60	58	39	19
Kjósendur á kjörskrá Voters on the electoral roll	187.104	200.819	213.298	6.528	4.126	2.865
Hlutfall kjósenda af íbúatölu Percent of population	70,7	71,4	71,4	71,2	70,6	67,6
Karlar Males	92.817	99.567	105.947	3.579	2.254	1.547
Konur Females	94.287	101.252	107.351	2.949	1.872	1.318
Greidd atkvæði Votes cast	154.351	165.762	167.996	4.836	3.151	1.980
Karlar Males	75.904	81.338	82.769	2.640	1.689	1.035
Konur Females	78.447	84.424	85.227	2.196	1.462	945
Þar af utan kjörfundar Absentee votes thereof	15.574	16.379	22.164	303	231	207
Hlutfall af greiddum atkvæðum Percent of votes cast	10,1	9,9	13,2	6,3	7,3	10,5
Kosningaþátttaka, % Participation, %	82,6	83,3	78,8	74,1	76,4	69,1
Karlar Males	81,8	82,5	78,2	73,8	74,9	66,9
Konur Females	83,3	84,1	79,5	74,5	78,1	71,7

**Kosningaþátttaka eftir stærð sveitarfélaga**

Sé litið á stærð sveitarfélaga var kosningaþátttakan mest í sveitarfélögum með 300–999 íbúa eða 84,0%, því næst í sveitarfélögum með 1.000 íbúa eða fleiri, 78,4% og minnst var hún í sveitarfélögum með færri en 300 íbúa, 77,5%. Var kosningaþátttaka kvenna meiri en karla eftir þessari skiptingu sveitarfélaga (tafla 3).

**Tafla 6. Kosningaþátttaka í sveitarstjórarkosningum eftir landsvæðum 2006**  
*Table 6. Participation rates in local government elections by regions 2006*

	Kjós- endur á kjörskrá, breyt., %	Kosningaþátttaka, greidd atkvæði sem % af kjósendum á kjörskrá			Af greiddum atkvæðum, % <i>Votes cast, %</i>	
		2002– 2006 <sup>1</sup>	Alls Total	Karlar Males	Konur Female	Utankjör- fundar- atkvæði <sup>2</sup>
<b>Allt landið Whole country</b>	<b>5,5</b>	<b>78,7</b>	<b>78,1</b>	<b>79,4</b>	<b>13,2</b>	<b>2,4</b>
<b>Sveitarfélög Municipalities</b>						
Höfuðborgarsvæði Capital Region	6,5	76,7	76,0	77,3	12,8	2,1
Reykjavík	3,8	77,1	76,4	77,8	14,0	1,7
Önnur sveitarfélög						
Other municipalities	11,4	75,9	75,3	76,5	10,9	2,8
Utan Höfuðborgarsvæðis						
Outside Capital Region	3,7	82,3	81,5	83,2	13,7	2,8
1.000 íbúar og fleiri						
1,000 inhabitants and over	8,9	82,2	81,5	82,9	13,5	2,8
300–999 íbúar 300–999 inhab.	-4,2	84,0	82,7	85,4	15,1	3,2
299 íbúar eða færri						
Less than 300 inhabitants	-51,3	76,5	75,6	77,6	10,2	2,0
<b>Kosningaháttur Election mode</b>						
Bundnar hlutfallskosningar	6,2	78,8	78,2	79,5	13,2	2,4
Proportional voting						
Óbundin kosning Direct voting	-30,6	69,1	66,9	71,7	10,5	2,7
<b>Landsvæði Regions</b>						
Höfuðborgarsvæði Capital region	6,5	76,7	76,0	77,3	12,8	2,1
Suðurnes Southwest	9,2	81,7	80,7	82,7	10,8	2,3
Vesturland West	3,0	83,4	82,2	84,7	13,3	3,7
Vestfirðir Westfjords	-3,2	86,2	85,3	87,0	16,6	2,7
Norðurland vestra Northwest	-18,9	84,1	83,9	84,4	15,3	2,6
Norðurland eystra Northeast	8,5	80,1	79,4	80,8	14,4	2,2
Austurland East	0,9	79,4	78,9	80,1	15,4	3,6
Suðurland South	8,0	84,7	83,7	85,7	13,0	3,3

1 Increase of voters on electoral roll between municipal elections 2002 and 2006, %.

2 Percent of votes cast. Absentee votes.

3 Percent of votes cast. Blank and void ballots

**Höfuðborgarsvæði og landsbyggð**

Kosningaþátttakan var 76,7% á höfuðborgarsvæðinu en 82,3% utan þess og var hún reyndar minnst á höfuðborgarsvæðinu séu landsvæðin átt borin saman. Var þátttakan mest á Vestfjörðum, 86,2%. Var kosningaþátttaka kvenna meiri en karla á öllum landsvæðunum (tafla 6). Í Reykjavík kusu 77,1% kjósenda á kjörskrá, 76,4% karla og 77,8% kvenna.

**Tafla 7. Sveitarfélög eftir þáttöku í sveitarstjórarkosningum 2006**  
**Table 7. Municipalities by participation in local government elections 2006**

	Alls <i>Total</i>	90,0– 100,0%	80,0– 89,9%	70,0– 79,9%	60,0– 69,9%	56,0– 59,9%	Engin atkvgr. <sup>1</sup>
<b>Alls Total</b>	<b>79</b>	<b>11</b>	<b>39</b>	<b>17</b>	<b>10</b>	–	<b>2</b>
<b>Eftir kyni By sex</b>							
Karlar <i>Males</i>	79	9	37	21	7	3	2
Konur <i>Females</i>	79	17	36	17	7	–	2
<b>Eftir þáttökumun karla og kvenna</b>							
<i>By difference in participation</i>							
Þáttaka kvenna meiri							
<i>Female participation higher</i>	61	12	31	13	5	–	.
Þáttaka karla meiri							
<i>Male participation higher</i>	16	5	6	3	2	–	.
Þáttaka jöfn <i>Equal participation</i>	2	–	–	–	–	–	2
<b>Eftir íbúafjölda By population</b>							
1.000 íbúar og fleiri							
<i>1,000 inhabitants and over</i>	32	2	19	11	–	–	.
300–999 íbúar <i>300–999 inhabitants</i>	28	5	16	3	4	–	.
299 íbúar eða færri							
<i>Less than 300 inhabitants</i>	19	4	4	3	6	–	2
<b>Eftir kosningahætti By election mode</b>							
Bundin hlutfallskosning							
<i>Proportional voting</i>	60	10	36	12	–	–	2
Óbundin kosning Direct voting	19	1	3	5	10	–	.
<b>Eftir landsvæðum By regions</b>							
Höfuðborgarsvæði <i>Capital region</i>	8	1	1	6	–	–	.
Suðurnes	5	–	4	1	–	–	.
Vesturland	10	4	4	1	1	–	.
Vestfirðir	10	3	4	1	2	–	.
Norðurland vestra	7	–	5	1	1	–	.
Norðurland eystra	16	1	8	2	4	–	1
Austurland	9	1	2	4	1	–	1
Suðurland	14	1	11	1	1	–	.
<b>Hlutfallsleg skipting</b>							
<i>Percent distribution</i>	<b>100,0</b>	<b>13,9</b>	<b>49,4</b>	<b>21,5</b>	<b>12,7</b>	–	<b>2,5</b>

<sup>1</sup> No voting.

*Kosningabáttaka mest 94,2% en minnst 62,1%*

Í þeim 77 sveitarfélögum þar sem kosning fór fram var kosningabáttakan mest í Bæjarhreppi, 94,2% því næst í Stykkishólmi 92,5% og í Vopnafjarðarhreppi 92,2%. Var kosningabáttakan minnst í Reykhólahreppi, 61,4%, Skorradalshreppi 61,7% og Skútustaðahreppi 62,1% (tafla 24).

*Kosningabáttaka karla mest 94,9% og kvenna 95,1%*

Kosningabáttaka karla var mest í Bæjarhreppi 94,9%, Stykkishólmi 93,1% og Kjósarhreppi 92,8% en þáttaka kvenna mest í Eyja- og Miklaholtshreppi 95,1% Arnarneshreppi 94,0% og Bæjarhreppi 93,3% (tafla 24).

*Kosningapátttaka karla minnst 56,0% og kvenna 60,5%*

Minnst var kosningapátttaka karla í Skorradalshreppi 56,0%, Skaftárhreppi 58,3% og Skútustaðahreppi 58,9% og kvenna í Reykhólahreppi 60,5%, Skagabyggð 63,3% og Hörgárbyggð 64,1% (tafla 24).

Kosningapátttaka kvenna var meiri en karla í 61 sveitarfélagi en þátttaka karla meiri en kvenna í 16 sveitarfélögum. Var kosningapátttakan 90% eða meira í 11 sveitarfélögum og var bundin kosning í 10 þeirra. Algengast var að kosningapátttakan væri 80–90% eða í 39 sveitarfélögum (tafla 7).

*Kosningapátttaka erlendra ríkisborgara*

Meðal þeirra sem voru á kjörskrárstofnum fyrir kosningarnar í maí 2006 voru erlendir ríkisborgarar sem voru búsettur hér á landi og höfðu kosningarrétt við sveitarstjórnarkosningarnar alls 4.468 talsins, 944 frá öðrum Norðurlöndum og 3.524 frá öðrum ríkjum. Samkvæmt kosningaskýrslum var kosningapátttaka norrænna kjósenda 62,5%, þátttaka karla 63,3% og kvenna 62,1%. Var kosningapátttakan minni meðal annarra erlendra kjósenda eða 34,4% í heild, 30,9% hjá körlum og 37,9% hjá konum.

**Tafla 8. Kosningapátttaka erlendra ríkisborgara 2006**

*Table 8. Participation of foreign citizens 2006*

	Alls Total	Karlar Males	Konur Females
<b>Kjósendur á kjörskrá <i>Voters on the electoral roll</i></b>			
Erlendir alls <i>Foreign citizens total</i>	4.391	2.024	2.367
Norrænir <i>Nordic</i>	936	332	604
Aðrir erlendir <i>Other</i>	3.455	1.692	1.763
<b>Greidd atkvæði <i>Votes cast</i></b>			
Erlendir alls <i>Foreign citizens total</i>	1.775	732	1.043
Norrænir <i>Nordic</i>	585	210	375
Aðrir erlendir <i>Other</i>	1.190	522	668
<b>Kosningapátttaka, % <i>Participation, %</i></b>			
Erlendir alls <i>Foreign citizens, total</i>	40,4	36,2	44,1
Norrænir <i>Nordic</i>	62,5	63,3	62,1
Aðrir erlendir <i>Other</i>	34,4	30,9	37,9

### Atkvæði greidd utan kjörfundar

Í sveitarstjórnarkosningunum 2006 voru 22.371 atkvæði greidd utan kjörfundar eða 13,2% atkvæða en hlutfallið var 9,8% í kosningunum 2002. Fleiri karlar en konur nýttu sér þessa heimild eða 11.563 karlar sem er 13,8% af þeim sem greiddu atkvæði og 10.808 konur eða 12,5%. Í töflu 24 er sýnd tala utankjörfundaratkvæða í hverju sveitarfélagi. Í töflu 6 kemur fram hlutfall atkvæða sem greidd hafa verið utan kjörfundar eftir stærð sveitarfélaga, kosningahætti og landsvæðum. Var þetta hlutfall hærra í sveitarfélögum þar sem kosning var bundin (13,2%) en þar sem hún var óbundin (10,5%). Var hlutfall utankjörfundaratkvæða hæst á Vestfjörðum (16,6%) en lægst á Suðurnesjum (10,8%).

## Framboðslistar

172 framboðslistar í 60 sveitarfélögum

Fyrir sveitarstjórnarkosningarnar 2006 voru lagðir fram 172 framboðslistar í 60 sveitarfélögum en í kosningunum 2002 komu fram 182 framboðslistar í 66 sveitarfélögum. Í tveimur sveitarfélögum, Tjörneshreppi og Breiðdalshreppi kom aðeins einn listi fram og varð hann því sjálfkjörinn án kosningar. Flestir urðu listarnir sex á Akureyri og fimm í Reykjavík, Reykjanesbæ, Akranesi og Sveitarfélaginu Skagafirði. Fram komu fjórir listar í 11 sveitarfélögum, þrír listar í 16 og tveir listar í 26 sveitarfélögum.

**Tafla 9. Sveitarfélög eftir stærð og fjölda framboðslista 2006**

Table 9. Municipalities by size and number of candidate lists 2006

Sveitarfélög alls Municipalities, total	Framboðslistar í sveitarfélagi Candidate lists in a municipality					
	1	2	3	4	5	6
<b>Allt landið Whole country</b>	<b>60</b>	<b>2</b>	<b>26</b>	<b>16</b>	<b>11</b>	<b>4</b>
Höfuðborgarsvæðið Capital region	8	—	4	—	3	1
Önnur sveitarfélög með 1.000 íbúa eða fleiri	25	—	4	9	8	3
Sveitarfélög með 300-999 íbúa	22	—	15	7	—	—
Municipalities of 300–999 inhabitants	22	—	15	7	—	—
Sveitarfélög með 299 íbúa og færri	5	2	3	0	—	—
Municipalities of less than 300 inhabitants	5	2	3	0	—	—

**Skýringar Notes:** Sveitarfélög þar sem bundnar hlutfallskosningar fóru fram. Municipalities with direct voting.

### Listabókstafir - undantekningar

Í töflu 26 er sýnd tala framboðslista eftir flokkum sveitarfélaga og fyrir þau stjórnmálasamtök sem buðu fram á fleiri en einum stað. Í þessari samantekt er listabókstafur láttinn ráða hvaða listar teljast til hverra samtaka ef um viðbót við flokksheiti er að ræða. Í nokkrum tilvikum eiga listabókstafir ekki við þau stjórnmálasamtök sem bókstafurinn vísar almennt til. Í slíkum tilvikum teljast framboðslistarnir til annarra lista í samantektinni. Þetta á við um lista framfarasinnaðra í Garði (F) og F-listann í Eyjafjarðarsveit (F), lista Bæjarmálafelagsins Samstöðu í Vesturbyggð (S), Skagastrandarlistann í Höfðahreppi (S) og enn fremur Vestmannaeyjalistann (V).

Fram komu 94 framboðslistar samanlagt með listabókstafina B, D, F, S og V sem höfðu skírskotun til viðeigandi stjórnmálasamtaka og 78 aðrir listar. Framsóknarflokkurinn (B) bauð fram í 23 sveitarfélögum, Sjálfstæðisflokkurinn (D) í 37, Frjálslyndi flokkurinn (F) í sex, Samfylkingin (S) í 15 og Vinstrihreyfingin – grænt framboð (V) í 13 sveitarfélögum (tafla 26).

### Fimm framboðslistar í Reykjavík

Á höfuðborgarsvæðinu komu fram 25 listar í 8 sveitarfélögum. Í einu sveitarfélagi, Reykjavík, voru fimm framboðslistar, í þremur sveitarfélögum voru listarnir fjórir og í fjórum sveitarfélögum tveir listar.

### Framboðslistar flestir sex á Akureyri

Í sveitarfélögum utan höfuðborgarsvæðisins með 1.000 íbúa eða fleiri komu fram 88 listar í 25 sveitarfélögum. Í einu sveitarfélagi, Akureyri voru sex listar í boði, fimm listar í þremur sveitarfélögum, fjórir listar í áttá, þrír listar í níu, og fjórir listar í tveimur sveitarfélögum.

Í sveitarfélögum með 300–999 íbúa kom fram 51 listi í 22 sveitarfélögum. Þrír listar voru í sjö sveitarfélögum og tveir listar í fimmtán.

#### Sjálfkjörið í tveimur sveitarfélögum

Karlar 56% frambjóðenda – konur 44%

Í sveitarfélögum utan höfuðborgarsvæðisins með íbúa undir 300 komu fram átta listar í 5 sveitarfélögum. Í tveimur þeirra kom fram einn listi sem var sjálfkjörinn og í þremur sveitarfélögum voru tveir listar í boði.

### Frambjóðendur

Við sveitarstjórnarkosningarnar 2006 voru alls 2.675 manns á framboðslistum, 1.503 karlar eða 56,2% og 1.172 konur eða 43,8%. Er þetta hæsta hlutfall kvenna af frambjóðendum við sveitarstjórnarkosningar til þessa. Fyrir kosningarnar 2002 voru 2.714 í framboði og voru karlar þá 59,1% frambjóðenda og konur 40,9%. Á tveimur áratugum fækkaði frambjóðendum við sveitarstjórnarkosningar um tæpan þriðung sem helst í hendur við mikla fækkun sveitarfélaga á sama tíma.

**Tafla 10. Frambjóðendur í sveitarstjórnarkosningum 1986–2006**

Table 10. Candidates in local government elections 1986–2006

Ár Year	Sveitar- félög Munic- palities	Fjöldi Number			Hlutfallsleg skipting Percent		
		Alls <sup>1</sup> Total <sup>1</sup>	Karlar Males	Konur Females	Alls Total	Karlar Men	Konur Women
1986	223	3.853	2.393	1.374	97,8	62,1	35,7
1990	204	3.339	2.071	1.268	100,0	62,0	38,0
1994	171	3.313	2.092	1.221	100,0	63,1	36,9
1998	124	2.740	1.698	1.042	100,0	62,0	38,0
2002	105	2.714	1.603	1.111	100,0	59,1	40,9
2006	79	2.675	1.503	1.172	100,0	56,2	43,8

<sup>1</sup> Þar með taldir frambjóðendur þar sem kynferði er ekki tilgreint (1986). Including candidates where information on sex is missing (1986).

Í töflu 26 er sýnd tala frambjóðenda, karla og kvenna, samantekin fyrir flokka sveitarfélaga og framboðsaðila. Í töflu 27 er framboð flokka og annarra framboðsaðila sýnt fyrir hvert þeirra 60 sveitarfélaga þar sem kosning var hlutbundin.

#### Jafnmargar konur og karlar frambjóðendur í átta af 60 sveitarfélögum

15 framboðslistar með jafnmargar konur og karla

Í átta sveitarfélögum voru jafnmargir karlar og konur á framboðslistum en í sex sveitarfélögum árið 2002. Sex af þessum átta sveitarfélögum voru með íbúa eitt þúsund eða fleiri. Konur voru fleiri en karlar í fjórum sveitarfélögum þ.e. í Reykjavík, Mosfellsbæ, Bolungarvík og Húnvatnshreppi en í einu sveitarfélagi árið 2002. Í öðrum sveitarfélögum, 48 talsins, voru fleiri karlar en konur á framboðslistum. Var hlutfall kvenna 40–49% í 34 þessara sveitarfélaga, 30–39% í 12 sveitarfélögum og 25–28% í tveimur, Langanesbyggð og Tálknafjarðarhreppi.

Á öllum framboðslistunum 172 voru bæði karlar og konur í framboði en í sveitarstjórnarkosningunum 2002 og 1998 var einn listi í hvort skipti eingöngu skipaður körlum. Á fimmtán framboðslistum voru jafnmargir karlar og konur, fleiri konur en karlar skipuðu sætin á 53 listum en fleiri karlar en konur á 104 framboðslistum.

#### Efsta sæti lista skipað karli í átta af hverjum tíu tilvikum

Röðun frambjóðenda á lista í sveitarstjórnarkosningunum 2006 var þannig að karlar skipuðu fyrsta sæti á 134 listum (78%) og konur á 38 listum (22%). Aðeins fleiri konur en karlar skipuðu annað sætið og sami fjöldi kynja fjórða sætið en fleiri

karlar en konur skipuðu þriðja og fimmta sætið. Samantekið voru karlar 61% þeirra sem skipuðu 1.–3. sætið og konur 39% en hlutföllin voru 58% og 42% í 1.–5. sæti.

**Tafla 11. Frambjóðendur í 1.–5. sæti framboðslista eftir kyni 2006**  
*Table 11. Candidates in 1st–5th place on candidate lists by sex 2006*

Sæti á lista Place on lists	Fjöldi frambjóðenda Number of candidates			Hlutfallsleg skipting Percent		
	Alls Total	Karlar Males	Konur Females	Karlar Males	Konur Females	
1.	172	134	38	78		22
2.	172	85	87	49		51
3.	172	98	74	57		43
4.	172	86	86	50		50
5.	172	96	76	56		44
1.–3.	516	317	199	61		39
4.–5.	344	182	162	53		47
1.–5.	860	499	361	58		42

*Konur 35–49% frambjóðenda*

Kynjaskipting frambjóðenda hjá stjórnmálauflokkunum var jöfnust hjá Samfylkingunni þar sem karlar voru 51% frambjóðenda og konur 49%. Hjá öðrum flokkum var hlutur kvenna 42–47%. Þar sem aðrir listar voru í boði var hlutfall kvenna af frambjóðendum 42% og 35% þar sem einn listi var boðinn fram og því sjálfkjörinn (tafla 12). Í töflu 21 er yfirlit um frambjóðendur eftir kyni, framboðsaðilum og stærð sveitarfélaga.

**Tafla 12. Frambjóðendur eftir kyni og framboðsaðilum þar sem kosning var hlutbundin 2006**

*Table 12. Candidates for proportional voting by sex and candidate lists 2006*

Framb. listar Cand. lists	Frambjóðendur Candidates					
	Fjöldi Number	Hlutfall Percent			Karlar Males	Konur Females
		Alls Total	Karlar Males	Konur Females		
<b>Allt landið (60 sveitarfélög)</b>						
<i>Whole country (60 municipalities)</i>	<b>172</b>	<b>2.675</b>	<b>1.503</b>	<b>1.172</b>	<b>56,2</b>	<b>43,8</b>
B Framsóknarflokkur <i>Progressive Party</i>	23	398	223	175	56,0	44,0
D Sjálfstæðisflokkur <i>Independence Party</i>	37	598	334	264	55,9	44,1
F Frjálslyndi flokkurinn <i>The Liberal Party</i>	6	116	62	54	53,4	46,6
S Samfylkingin <i>The Social Democratic Alliance</i>	15	266	135	131	50,8	49,2
V Vinstrihreyfingin – grænt framboð <i>The Left-Green Movement</i>	13	245	142	103	58,0	42,0
• Sjálfkjörið One list, no voting Aðrir listar (53 sveitarfélög)	2	20	13	7	65,0	35,0
• Other candidate lists (53 municip.)	76	1.032	594	438	57,6	42,4

## Atkvæðatölur

Í sveitarstjórnarkosningunum 2006 voru greidd samtals 169.976 atkvæði þar af töldust gildir atkvæðaseðlar 165.890. Auðir seðlar voru 3.545 og aðrir ógildir 541, samanlagt 4.086 atkvæði sem svarar til 2,4% greiddra atkvæða. Sambærilegt hlutfall var 2,0% árið 2002 og 2,7% árið 1998.

*Atkvæði í óbundnum kosningum 1% af atkvæðum í heild*

Tæp 99% atkvæða í heild voru greidd í sveitarfélögum þar sem kosning var hlutbundin en 1% þar sem kosningin var óbundin. Í sveitarstjórnarkosningum tuttugu árum fyrr eða 1986 voru atkvæði í bundnum kosningum 92,4% og 7,6% í óbundnum kosningum.

Í töflu 24 er sýnd tala gildra atkvæða og auðra seðla og ógildra í hverju sveitarfélagi ásamt samantekt eftir kosningahætti og stærð sveitarfélaga. Eru atkvæðatölur á grundvelli kosningaskýrslna til Hagstofu Íslands. Í töflu 27 er m.a. sýnd tala atkvæða sem hver listi fékk í sveitarfélögum þar sem kosning var hlutbundin og eru þær upplýsingar byggðar á gögnum sem félagsmálaráðuneytið fékk og samgönguráðuneytið létt Hagstofu Íslands síðar í té (móalefni sveitarfélaga höfðu verið flutt milli ráðuneyta). Gild atkvæði í sveitarfélögum þar sem kosning var hlutbundin voru samtals 163.964 samkvæmt kosningaskýrslum til Hagstofu (töflur 13 og 24) en þremur fleiri eða 163.967 samkvæmt skýrslum félagsmálaráðuneytisins (töflur 14 og 27). Munaði einu atkvæði til eða frá í fjórum sveitarfélögum.

**Tafla 13. Úrslit sveitarstjórnarkosninganna 1986–2006**

*Table 13. Outcome in local government elections 1986–2006*

	1986	1990	1994	1998	2002	2006
<b>Atkvæðaseðlar Ballots</b>	<b>138.139</b>	<b>144.485</b>	<b>161.152</b>	<b>159.187</b>	<b>168.913</b>	<b>169.976</b>
Gildir Valid votes	135.025	141.116	157.388	154.820	165.491	165.890
Auðir og ógildir Blank and void	3.114	3.369	3.764	4.367	3.422	4.086
Auðir Blanc	2.615	2.914	3.254	3.701	2.823	3.545
Ógildir Void	499	455	510	666	599	541
Hlutfall auðra og ógildra af atkvæðaseðlum						
Percent blanc and void of ballots	2,3	2,3	2,3	2,7	2,0	2,4
Auðir Blanc	1,9	2,0	2,0	2,3	1,7	2,1
Ógildir Void	0,4	0,3	0,3	0,4	0,4	0,3
<b>Bundin hlutfallskosning</b>						
<b>Proportional vote</b>	<b>127.574</b>	<b>135.074</b>	<b>153.324</b>	<b>154.351</b>	<b>165.762</b>	<b>167.996</b>
Gildir Valid votes	124.635	131.866	149.704	150.103	162.393	163.964
Auðir og ógildir Blank and void	2.939	3.208	3.620	4.248	3.369	4.032
Hlutfall auðra og ógildra af atkvæðaseðlum						
Percent blanc and void of ballots	2,3	2,4	2,4	2,8	2,0	2,4
<b>Óbundin kosning Direct vote</b>	<b>10.565</b>	<b>9.411</b>	<b>7.828</b>	<b>4.836</b>	<b>3.151</b>	<b>1.980</b>
Gildir Valid votes	10.390	9.250	7.684	4.717	3.098	1.926
Auðir og ógildir Blank and void	175	161	144	119	53	54
Hlutfall auðra og ógildra af atkvæðaseðlum						
Percent blanc and void of ballots	1,7	1,7	1,8	2,5	1,7	2,7

Í sveitarstjórnarkosningum er mikið um framboð annarra aðila en stjórmálaflokka auk þess sem flokkarnir eiga samvinnu sín á milli og við aðila utan stjórmálaflokka. Í töflu 14 er samandregið yfirlit sem sýnir hvernig atkvæði skiptust eftir framboðslistum en í töflu 27 eru tölur fyrir hvert sveitarfélag.

#### *Skipting atkvæða eftir stjórmálaflokkum*

Í kosningunum 2006 skiptust atkvæði þannig í þeim 58 sveitarfélögum þar sem hlutbundin kosning fór fram að Sjálfstæðisflokkurinn fékk 40,4% atkvæða, Samfylkingin 22,0%, Framsóknarflokkur 9,8%, Vinstrihreyfingin grænt framboð 9,7%, Frjálslyndi flokkurinn 4,6% og aðrir listar þar sem kosning fór fram 13,6%. Sjálfkjörið var í tveimur sveitarfélögum þar sem einn listi var í boði í hvoru.

**Tafla 14. Úrslit eftir stjórmálasamtökum í bundnum hlutfallskosningum 2006**  
*Table 14. Results by political organizations in proportional voting 2006*

	Gild atkvæði <i>Valid votes</i>	Hlutfallsleg skipting <i>Percent</i>
<b>Allt landið (60 sveitarfélög) Whole country (60 municipalities)</b>	<b>163.967</b>	<b>100,0</b>
B Framsóknarflokkur <i>Progressive Party</i>	15.994	9,8
D Sjálfstæðisflokkur <i>Independence Party</i>	66.188	40,4
F Frjálslyndi flokkurinn <i>The Liberal Party</i>	7.531	4,6
S Samfylkingin <i>The Democratic Alliance</i>	36.112	22,0
V Vinstrihreyfingin – grænt framboð <i>The Left-Green Movement</i>	15.849	9,7
• Sjálfkjörið <i>One list, no voting</i>	•	•
• Aðrir listar <i>Other candidate lists</i>	22.293	13,6


### Kjörnir fulltrúar

#### *Fækkun sveitarstjórnarmanna*

Í sveitarstjórnarkosningunum árið 2006 voru kjörnir alls 527 aðalmenn í sveitarstjórnir, 339 karlar og 190 konur. Fækkaði sveitarstjórnarmönnum um 128 frá kosningunum 2002, eða um 111 karla og 17 konur. Stafaði þessi fækkun einkum af sameiningu sveitarfélaga á kjörtímabilinu en sveitarfélögum fækkaði um 26 á þessum tíma. Í einu sveitarfélagi fjöldaði um two sveitarstjórnarmenn (sveitarfélaginu Vogar) en í fimm sveitarfélögum fækkaði um two (Dalvíkurbyggð, Hörgárbyggð, Skaftárhreppi, Rangárþingi ytra og Skeiða- og Gnúpverjahreppi). Mesta breytingin var á Vesturlandi og Austurlandi þar sem sveitarfélögum fækkaði um sjö á hvoru landsvæði og um 33 sveitarstjórnarmenn á Vesturlandi og 31 á Austurlandi. Alls hefur sveitarstjórnarmönnum fækkað um 632 frá því að þeir urðu flestir við kosningarnar 1982, 1.192.

**Tafla 15. Kjörnir fulltrúar í sveitarstjórnarkosningum 1986–2006***Table 15. Elected representatives in local government elections 1986–2006*

Ár Year	Sveitar- félög Municipalities	Fjöldi Number			Hlutfall Percent		
		Alls Total	Karlar Males	Konur Females	Alls Total	Karlar Men	Konur Women
1986	223	1.180	954	226	100,0	80,8	19,2
1990	204	1.116	873	243	100,0	78,2	21,8
1994	171	981	738	243	100,0	75,2	24,8
1998	124	756	543	213	100,0	71,8	28,2
2002	105	657	450	207	100,0	68,5	31,5
2006	79	529	339	190	100,0	64,1	35,9

**Mynd 2. Kjörnir sveitarstjórnarmenn 1966–2006***Figure 2. Elected representatives in local government elections 1966–2006*

*Konur 36%  
sveitarstjórnarmanna*

Í sveitarstjórnir voru kjörnir 339 karlar sem svarar til 64,1% sveitarstjórnarmanna og 190 konur eða 35,9%. Hlutfall kvenna hefur smátt saman farið hækkandi með hverjum kosningum en það var 31,5% árið 2002 en 19,2% tveimur áratugum fyrr árið 1986. Samandregið var hlutfall kvenna hærra því fjölmennara sem sveitarfélagið var en konur voru 38,8% kjörinna fulltrúa í sveitarfélögum með 1000 íbúa eða fleiri, 35,1% í sveitarfélögum með 300–999 íbúa og 29% í sveitarfélögum með 299 íbúa eða færri.

*Mikill meirihluti kjörinn í  
bundinni kosningu*

Mikill meirihluti sveitarstjórnarmanna var kosinn af framboðslistum í bundinni hlutfallskosningu eða 436 sem svarar til 82,4% fulltrúa. Karlar voru 275 sem svarar til 81,1% kjörinna karla og konur 161 eða 84,7% kjörinna kvenna.

*16,3% frambjóðenda hlutu  
kosningu*

Bundnar kosningar voru í 60 sveitarfélögum þar á meðal í öllum sveitarfélögum með 1.000 íbúa eða meira. Sjálfkjörið var í tveimur þessara sveitarfélaga. Frambjóðendur voru 2.675 og hlutu 436 eða 16,3% þeirra kosningu (17,2% 2002), 18,3% af 1.503 frambjóðendum karla (19,2% 2002) og 13,7% af 1.172 frambjóðendum kvenna (14,2% 2002).

*Hlutfall kvenna hærra í bundnum en óbundnum kosningum*

Þar sem kosning var hlutbundin voru karlar 63,1% sveitarstjórnarmanna (64% 2002) og konur 36,9% (36% 2002).

Alls voru kjörnir 93 í óbundinni kosningu í 19 sveitarfélögum, 64 karlar eða 68,8% (75% 2002) og 29 konur, 31,2% (25% 2002). Hlutur kvenna var því hærri í bundnum kosningum en óbundnum.

**Tafla 16. Frambjóðendur og kjörnir fulltrúar eftir kosningahætti 1994–2006**  
*Table 16. Candidates and elected representatives by election mode 1994–2006*

	Bundin hlutfallskosning <i>Proportional vote</i>				Óbundin kosning <i>Direct vote</i>			
	1994		1998		2002		2006	
	Sveitarfélög <i>Municipalities</i>	77	66	66	60	94	58	39
<b>Fjöldi Number</b>								
Frambjóðendur <i>Candidates</i>	3.313	2.740	2.714	2.675	•	•	•	•
Karlar <i>Males</i>	2.092	1.698	1.603	1.503	•	•	•	•
Konur <i>Females</i>	1.221	1.042	1.111	1.172	•	•	•	•
<b>Fulltrúar alls</b>								
Representatives, total	523	472	466	436	458	458	191	93
Karlar <i>Males</i>	377	322	307	275	361	361	143	64
Konur <i>Females</i>	146	150	159	161	97	97	48	29
<b>Hlutfall Percent</b>								
Frambjóðendur alls	100,0	100,0	100,0	100,0	•	•	•	•
Candidates, total	100,0	100,0	100,0	100,0	•	•	•	•
Karlar <i>Males</i>	63,1	62,0	59,1	56,2	•	•	•	•
Konur <i>Females</i>	36,9	38,0	40,9	43,8	•	•	•	•
<b>Fulltrúar alls</b>								
Representatives, total	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0
Karlar <i>Males</i>	72,1	68,2	65,9	63,1	78,8	78,8	74,9	68,8
Konur <i>Females</i>	27,9	31,8	34,1	36,9	21,2	21,2	25,1	31,2

*Kosningaháttur og stærð sveitarfélaga*

Sé horft til kosningaháttar og stærð sveitarfélags kemur fram að hlutfall karla af kjörnum fullrúum var hæst í sveitarfélögum með 299 eða færri íbúa þar sem framför óbundin kosning eða 76,2% en hjá konum var hlutfallið hæst í sveitarfélögum með 300–999 íbúa þar sem einnig var óbundin kosning eða 46,7%.

*Höfuðborgarsvæðið – landsbyggð*

Á höfuðborgarsvæðinu voru kjörnir 70 sveitarstjórnarmenn, 41 karl og 29 konur, hlutfall karla 58,6% og kvenna 41,4%. Hlutfall kvenna í sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu var hæst 57% á Seltjarnarnesi en lægst 27% í Kópavogi. Í Reykjavík voru konur 40% kjörinna fulltrúa og karlar 60%.

Á landsbyggðinni voru kjörnir 459 fulltrúar þar af voru karlar 298 eða 64,9% og konur 161 eða 35,1% (tafla 22).

**Tafla 17. Kjörnir fulltrúar eftir kosningahætti og stærð sveitarfélaga 2006**  
*Table 17. Elected representatives by election mode and size of municipalities 2006*

	1.000 íbúar Landið allt <i>Whole country</i>	1.000 inhab. og fleiri <i>or more</i>	300–999 íbúar <i>300–999 inhabitants</i>	299 íbúar eða færri <i>Less than 300 inhab.</i>
<b>Alls Total</b>				
Fulltrúar alls <i>Representatives, total</i>	529	268	168	93
Karlar <i>Males</i>	339	164	109	66
Konur <i>Females</i>	190	104	59	27
<b>Bundin hlutfallskosning Proportional vote</b>				
Fulltrúar alls <i>Representatives, total</i>	436	268	138	30
Karlar <i>Males</i>	275	164	93	18
Konur <i>Females</i>	161	104	45	12
<b>Óbundin kosning Direct vote</b>				
Fulltrúar alls <i>Representatives, total</i>	93	•	30	63
Karlar <i>Males</i>	64	•	16	48
Konur <i>Females</i>	29	•	14	15
<b>Hlutfallsleg skipting Percent</b>				
Fulltrúar alls <i>Representatives, total</i>	100,0	100,0	100,0	100,0
Karlar <i>Males</i>	64,1	61,2	64,9	71,0
Konur <i>Females</i>	35,9	38,8	35,1	29,0
<b>Bundin hlutfallskosning Proportional vote</b>				
Fulltrúar alls <i>Representatives, total</i>	100,0	100,0	100,0	100,0
Karlar <i>Males</i>	63,1	61,2	67,4	60,0
Konur <i>Females</i>	36,9	38,8	32,6	40,0
<b>Óbundin kosning Direct vote</b>				
Fulltrúar alls <i>Representatives, total</i>	100,0	•	100,0	100,0
Karlar <i>Males</i>	68,8	•	53,3	76,2
Konur <i>Females</i>	31,2	•	46,7	23,8

Fimm sveitarstjórnir konulausar

Engin kona hlaut kosningu í fimm sveitarfélögum en það sama átti við um tíu sveitarfélög í kosningunum 2002. Var kosið óbundinni kosningu í þremur tilvikum. Þ.e. í sveitarfélögnum Eyja- og Miklaholtshreppi, Grímseyjarhreppi og Svalbarðshreppi og bundinni kosningu í tveimur, Djúpavogshreppi og Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Konur í meirihluta í ellefu sveitarstjórnnum en karlar í 63

Fleiri konur en karlar voru kosnar í ellefu sveitarstjórnir. Munaði um einn fulltrúa í öllum tilvikum. Í níu sveitarfélögum var kosningin bundin hlutfallskosning en í tveimur var kosningin óbundin. Í öðrum sveitarfélögum en áður getur (63) voru kjörnir fleiri karlar en konur í sveitarstjórn.

Nýkjörnir – endurkjörnir

Af 529 kjörnum fulltrúum í kosningunum 2006 var 291 nýkjörinn þ.e. hafði ekki verið kosinn árið 2002 og svarar það til 55% kjörinna sveitarstjórnarmanna og 238 voru endurkjörnir eða 45% þ.e. höfðu einnig verið kosnir í sveitarstjórnarkosningunum 2002. Skilgreining endurkjörinna er hér önnur en í fyrra skýrslum Hagstofunnar um sveitarstjórnarkosningar þar sem áður var litið til fleiri kosninga en þeirra næstu hvað varðar endurkjör sveitarstjórnarmanna eins og nú er gert.

*Endurnýjun meiri hjá konum en körlum*

Rúmur helmingur kjörinna karla var endurkjörinn eða 53% samanborið við 31% kvenna. Algengara var að konur væru nýkjörnar og átti það við um 69% þeirra. Var hlutfall nýkjörinna 71% af kjörnum konum í bundnum kosningum en 55% í óbundnum kosningum. Sambærilegar tölur fyrir nýkjörna karla var 49% í bundnum kosningum og 41% í óbundnum.

**Tafla 18. Endurkjörnir og nýkjörnir fulltrúar 2006**  
*Table 18. Representatives re-elected and elected first time 2006*

	Fjöldi Number			Hlutfall Percent		
	Alls Total	Karlar Males	Konur Females	Alls Total	Karlar Males	Konur Females
<b>Kjörnir fulltrúar alls</b>						
<i>Representatives elected, total</i>	<b>529</b>	<b>339</b>	<b>190</b>	<b>100</b>	<b>100</b>	<b>100</b>
Endurkjörnir <i>Re-elected</i>	238	179	59	45	53	31
Nýkjörnir <i>Elected first time</i>	291	160	131	55	47	69
<b>Bundin kosning</b>						
<i>Proportional vote</i>						
Kjörnir alls <i>Representatives, total</i>	436	275	161	100	100	100
Endurkjörnir <i>Re-elected</i>	187	141	46	43	51	29
Nýkjörnir <i>Elected first time</i>	249	134	115	57	49	71
<b>Óbundin kosning Direct vote</b>						
Kjörnir alls <i>Representatives, total</i>	93	64	29	100	100	100
Endurkjörnir <i>Re-elected</i>	51	38	13	55	59	45
Nýkjörnir <i>Elected first time</i>	42	26	16	45	41	55

**Skýringar Notes:** Endurkjörnir á við þá sem einnig voru kosnir í sveitarstjórnarkosningunum 2002. *Re-elected* refers to those who were also elected in the local government elections 2002.

*Hlutfall nýkjörinna hærra í stærri sveitarfélögum en minni*

Endurnýjun sveitarstjórnarmanna var heldur meiri í sveitarfélögum með 1.000 íbúa eða fleiri utan höfuðborgarsvæðis en í fámennari sveitarfélögum en nýkjörnir voru þar 60% samanborið við 53–55% í þeim síðarnefndu. Endurnýjun var einnig meiri þar sem fram fóru bundnar hlutfallskosningar (nýkjörnir 57%) en óbundnar kosningar (nýkjörnir 45%). Það fellur og saman að kosningar voru bundnar í öllum sveitarfélögum með 1.000 íbúa eða meira.

Hlutfall nýkjörinna eftir landsvæðum var hæst 65,5% á Vestfjörðum en lægst 40,0% á Norðurlandi vestra. Var hlutfallið 45,7% á höfuðborgarsvæðinu og nánar tiltekið 40,0% í Reykjavík (tafla 25).

*Fjöldi kjósenda á hvern sveitarstjórnarmann*

Fjöldi kjósenda á hvern sveitarstjórnarmann var 1967 á höfuðborgarsvæðinu samanborið við 171 utan þess. Þá var fjöldi kjósenda 489 að baki hverjum sveitarstjórnarmanni þar sem kosningar voru bundnar en 31 þar sem þær voru óbundnar.

**Tafla 19. Endurkjör sveitarstjórnarmanna eftir landsvæðum 2006**  
*Table 19. Re-elected representatives in local government elections, by regions 2006*

	Kjósendar á hvern sveitar- stjórnar- mann <sup>1</sup>	Af kjörnum sveitarstjórnar- mönnum, % <i>Percent of representatives elected</i>	Endurkjörnir (voru einni kjörnir 2002) <sup>3</sup>
<b>Allt landið Whole country</b>	<b>409</b>	<b>55,0</b>	<b>45,0</b>
<b>Sveitarfélög Municipalities</b>			
Höfuðborgarsvæði Capital region	1.967	45,7	54,3
Reykjavík	5.707	40,0	60,0
Önnur sveitarfélög Other municipalities	946	47,3	52,7
Utan höfuðborgarvæðis			
Outside capital region	171	56,4	43,6
1.000 íbúar og fleiri			
1,000 inhabitants and over	319	60,1	39,9
300–999 íbúar 300–999 inhabitants	71	53,0	47,0
299 íbúar eða færri			
Less than 300 inhabitants	22	54,5	45,5
<b>Kosningaháttur Election mode</b>			
Bundnar hlutfallskosningar	489	57,1	42,9
Proportional voting			
Óbundin kosning Direct voting	31	45,2	54,8
<b>Landsvæði Regions</b>			
Höfuðborgarsvæði Capital region	1.967	45,7	54,3
Suðurnes Southwest	320	53,8	46,2
Vesturland West	153	52,9	47,1
Vestfirðir Westfjords	92	65,5	34,5
Norðurland vestra Northwest	120	40,0	60,0
Norðurland eystra Northeast	205	59,0	41,0
Austurland East	139	55,7	44,3
Suðurland South	181	60,2	39,8

1 Voters per representative.

2 Percent of representatives elected, first time.

3 Percent of representatives also elected 2002.

#### Stjórnmálflokkar með helming fulltrúa

Úrslitin í sveitarstjórnarkosningunum 2006 þar sem fram fór bundin hlutfallskosning urðu þau að rúmur helmingur fulltrúa eða 227 af 436 (52%) var kjörinn af listum stjórnmálflokkanna en 209 (48%) kjörnir af öðrum listum. Var hlutur kvenna heldur hærri meðal þeirra sem kjörnir voru af listum stjórnmálflokkanna (38,3%) en af öðrum listum (35,4%).

#### Úrslit eftir fylgi flokka

Listar Sjálfstæðisflokkks fengu mest fylgi á landsvísu 40,4% greiddra atkvæða, því næst Samfylkingin sem fékk 22,0%, þá Framsóknarflokkur með 9,8% og

Vinstrihreyfingin — grænt framboð með 9,7%. Frjálslyndi flokkurinn fékk 4,6% greiddra atkvæða en aðrir listar 13,6%.

#### Hlutfall kjörinna kvenna 29–46%

Skipting kjörinna fulltrúa eftir kyni og flokkum var á þann veg að karlar voru í meirihluta hjá öllum flokkum, hlutfall þeirra var minnst 54% hjá Samfylkingunni

en mest 71% hjá Framsóknarflokki og hlutfall kvenna mest 46% hjá Samfylkingunni og minnst 29% hjá Framsóknarflokki en hjá öðrum flokkum þar á milli.


**Tafla 20. Kjörnir fulltrúar í bundinni hlutfallskosningu eftir kyni og stjórnmálasamtökum 2006**

*Table 20. Elected representatives in proportional voting by sex and political organisation 2006*

	Hlutfallsleg skipting				
	Fjöldi Number		Percent		
	Alls Total	Karlar Males	Konur Females	Karlar Males	Konur Females
<b>Allt landið (60 sveitarfélög)</b>					
<b>Whole country (60 municipalities)</b>	<b>436</b>	<b>275</b>	<b>161</b>	<b>63,1</b>	<b>36,9</b>
B Framsóknarflokkur <i>Progressive Party</i>	45	32	13	71,1	28,9
D Sjálfstæðisflokkur <i>Independence Party</i>	130	78	52	60,0	40,0
F Frjálslyndi flokkurinn <i>The Liberal Party</i>	3	2	1	66,7	33,3
S Samfylkingin <i>The Democratic Alliance</i>	35	19	16	54,3	45,7
V Vinstrihreyfingin – grænt framboð <i>The Left-Green Movement</i>	14	9	5	64,3	35,7
• Sjálfkjörið <i>One list, no voting</i>	10	6	4	60,0	40,0
• Aðrir listar <i>Other candidate lists</i>	199	129	70	64,8	35,2
Flokklistar <i>Political parties</i>	227	140	87	61,7	38,3
Aðrir listar <i>Other lists</i>	209	135	74	64,6	35,4

**Mynd 3. Kjörnir fulltrúar í bundnum kosningum eftir kyni og stjórnmálasamtökum 2006**

*Mynd 3. Elected representatives with proportional voting by sex and political organisations 2006*




Flokklistar með 86% atkvæða en 52% kjörinna fulltrúa

Samanburður á úrslitum í bundnum kosningum 2006 annars vegar hvað varðar gild atkvæði (tafla 14) og hins vegar kjörna fulltrúa gefur til kynna að listar stjórnmálaflokkanna (B, D, F, S, V) fengu 86% atkvæða en 52% kjörinna fulltrúa og aðrir listar fengu 14% atkvæða og 48% kjörinna fulltrúa. Þegar þetta er skoðað nánar eftir stærð sveitarfélaga breytist myndin. Rétt er að taka fram að misjafnt var eftir flokkum hve víða þeir buðu fram eða frá því að vera í sex sveitarfélögum í 37. Á höfuðborgarsvæðinu voru stjórnmálaflokkarnir með 97% atkvæða og 80% kjörinna

fulltrúa enda tiltölulega fáir aðrir listar þar í boði. Í sveitarfélögum utan höfuðborgarsvæðis með 1.000 íbúa eða fleiri fengu stjórmálflokkarnir 77% atkvæða og 71% kjörinna fulltrúa en í sveitarfélögum með 300–999 íbúa var hlutfall flokksanna 20% bæði hvað varðar atkvæði og kjörna fulltrúa en aðrir listar þá með um 80% atkvæða og kjörinna.

#### **Mynd 4. Hlutfall atkvæða og kjörinna fulltrúa stjórmálflokka í bundnum kosningum 2006**

*Figure 4. The proportion of valid votes and elected representatives of political parties in proportional voting 2006*



#### **Meðalaldur sveitarstjórnarmanna 44,7 ár**

Meðalaldur kjörinna fulltrúa á kjördag í kosningunum 2006 var 44,7 ár, meðalaldur karla var 45,9 ár og kvenna 42,6 ár. Í kosningunum 2002 voru sambærilegar tölur 44,6 ár fyrir kjörna fulltrúa í heild, 45,4 ár fyrir karla og 42,9 ár fyrir konur.

Meðalaldur fulltrúa á kjördag 2006 var nánast sá sami og fyrir heildina hvort sem þeir voru kjörnir bundinni kosningu eða óbundinni. Var meðalaldur sveitarstjórnarmanna 45,0 ár á höfuðborgarsvæðinu en 44,7 ár á landsbyggðinni. Var meðalaldur fulltrúa 45,6 ár í sveitarfélögum með 299 íbúa eða færri, 45,0 ár í sveitarfélögum með 1.000 íbúa eða fleiri, en lægstur í sveitarfélögum með 300–999 íbúa, 43,8 ár.

Meðalaldur nýkjörinna fulltrúa var 42,6 ár eða nokkru lægri en endurkjörinna en meðalaldur þeirra var 47,3 ár.

#### **Meðalaldur kjörinna fulltrúa eftir flokkum 43,9 – 51,8 ár**

Meðalaldur kjörinna fulltrúa í hlutbundinni kosningu var lægstur 43,9 ár hjá fulltrúum Sjálfstæðisflokkss en hæstur 51,8 ár hjá fulltrúum Frjálslynda flokksins. Var meðalaldurinn 44,6 ár hjá Samfylkingunni, 45,6 ár hjá Framsóknarflokki, 46,2 ár hjá Vinstrihreyfingunni-grænu framboði og 44,9 ár hjá fulltrúum annarra lista. Í öllum tilvikum nema einu var meðalaldur kvenna lægri en karla. Var hann heldur hærri hjá konum en körlum í Framsóknarflokki.

#### **Yngstur kjörinna 24 ára – elstur 67 ára**

Algengasti aldurshópur kjörinna fulltrúa var 40–49 ár bæði hjá konum og körlum og því næst 50–59 ára hjá körlum en 30–39 ára hjá konum. Yngstur kjörinna fulltrúa var 24 ára og sá elsti 67 ára (tafla 22).

## English Summary

Local government elections took place on 27 May 2006. At that time the total number of municipalities was 79, reduced from 105 in the previous elections of 2002. The number of voters on the electoral roll of the 2006 elections was 216,163, corresponding to 71.3 per cent of the population. This is an increase of 11,218, or 5.5%, on the 2002 elections. The age group 18–21 years, the group that had gained suffrage since the previous elections, numbered 16,500, or 7.6% of the voters. The number of men on the electoral roll was 107,494 and of women 108,669.

Participation in the elections was 78.7% (83.2% in 2002). Participation was higher for women than for men, or 79.4% against 78.1%. The participation has been higher for women than men in local government elections since 1994, in the general elections since 1995 and in presidential elections since 1980. The participation of foreign citizens who were eligible to vote in the 2006 elections was 40.4%. Participation was 78.8% in municipalities with proportional voting, while it was 69.1% in municipalities with direct voting. Absentee votes were 13.2% of the votes cast.

Nineteen municipalities, with 1.3% of the total number of voters, had direct voting, while 60 municipalities, with 98.7% of the voters, had proportional voting. Of these, 172 candidate lists were presented for election, including two lists that were elected without a ballot as they were unopposed in the respective municipalities. There were six candidate lists in one municipality, five lists in four but fewer in others.

There were 2,675 candidates on the 172 lists, 1,503 men (56.2%) and 1,172 women (43.8%). All lists were comprised of both men and women. Women outnumbered men on 53 lists while men outnumbered women on 104 lists. The number of men and women was equal on 15 lists.

Of the 169,976 votes cast there were 3,545 blank votes and 541 were deemed void. Thus 165,890 valid votes were cast.

Local government elections differ from general elections in that the candidate lists are often non-party political or joint lists of two or more parties. Comparison of results between municipalities or between election years is therefore difficult. A total of 529 representatives were elected to a total of 79 local councils in 2006, 339 men (64.1%) and 190 women (35.9%). In 2002 the total number of representatives was 657 in 105 municipalities. In municipalities with proportional voting in 2006 men were 63.1% of the total number of representatives while in municipalities with direct voting 68.8% of the total were men. Of the candidates in proportional elections, 16.3% were elected, 18.3% of male candidates and 13.7% of female candidates. Women outnumbered men in eleven councils while men outnumbered women in 63. Five councils comprised of men only, three in municipalities with direct voting and two with proportional voting.

The 40–49 year-old age group had the highest number of elected council representatives. By the age of 60 very few were elected, especially in urban localities. The mean age of representatives was 44.7 years, 45.9 years for men and 42.6 years for women.

Among the representatives elected in 2006, 45% had also been elected in the 2002 elections. This rate was 53% for men and 31% for women. Of proportionally elected representatives 43% were re-elected and 55% of directly elected representatives.



**Tafla 21. Frambjóðendur stjórnmálasamtaka þar sem kosning var hlutbundin eftir kyni 2006**  
 Table 21. Candidates of political organisations for proportional voting by sex 2006

	Sveitarfélög Municipalities	Framboðslistar Candidate lists	Frambjóðendur	Candidates	
			Alls Total	Hlutfallsleg skipting Percent	
				Karlar Males	Konur Females
<b>Allt landið Whole country</b>	<b>60</b>	<b>172</b>	<b>2.675</b>	<b>56,2</b>	<b>43,8</b>
B Framsóknarflokkur Progressive Party	23	23	398	56,0	44,0
D Sjálfstæðisflokkur Independence Party	37	37	598	55,9	44,1
F Frjálslyndi flokkurinn The Liberal Party	6	6	116	53,4	46,6
S Samfylkingin The Alliance	15	15	266	50,8	49,2
V Vinstrí hreyfingin – grænt framboð The Left-Green Movement	13	13	245	58,0	42,0
• Aðrir listar, sjálfkjörið Other candidate lists, one list, no voting	2	2	20	65,0	35,0
• Aðrir listar Other candidate lists	53	76	1.032	57,6	42,4
<b>Höfuðborgarsvæði Capital Region</b>	<b>8</b>	<b>25</b>	<b>486</b>	<b>51,0</b>	<b>49,0</b>
B Framsóknarflokkur Progressive Party	4	4	88	48,9	51,1
D Sjálfstæðisflokkur Independence Party	7	7	130	51,5	48,5
F Frjálslyndi flokkurinn The Liberal Party	1	1	30	40,0	60,0
S Samfylkingin The Alliance	4	4	88	48,9	51,1
V Vinstrí hreyfingin – grænt framboð The Left-Green Movement	4	4	88	56,8	43,2
• Aðrir listar Other candidate lists	5	5	62	53,2	46,8
<b>Önnur sveitarfélög með 1.000 íbúa og fleiri</b>					
<b>Other municipalities of 1,000 inhabitants and over</b>	<b>25</b>	<b>88</b>	<b>1.474</b>	<b>56,7</b>	<b>43,3</b>
B Framsóknarflokkur Progressive Party	18	18	300	58,3	41,7
D Sjálfstæðisflokkur Independence Party	23	23	378	57,7	42,3
F Frjálslyndi flokkurinn The Liberal Party	5	5	86	58,1	41,9
S Samfylkingin The Alliance	10	10	164	51,2	48,8
V Vinstrí hreyfingin – grænt framboð The Left-Green Movement	9	8	143	60,1	39,9
• Aðrir listar Other candidate lists	18	24	403	55,3	44,7
<b>Sveitarfélög með 300–999 íbúa</b>					
<b>Municipalities of 300–999 inhabitants</b>	<b>22</b>	<b>51</b>	<b>635</b>	<b>57,5</b>	<b>42,5</b>
B Framsóknarflokkur Progressive Party	1	1	10	50,0	50,0
D Sjálfstæðisflokkur Independence Party	7	7	90	54,4	45,6
S Samfylkingin The Alliance	1	1	14	57,1	42,9
V Vinstrí hreyfingin – grænt framboð The Left-Green Movement	1	1	14	42,9	57,1
• Aðrir listar Other candidate lists	21	41	507	58,6	41,4
<b>Sveitarfélög með 299 íbúa og færri</b>					
<b>Municipalities of less than 300 inhabitants</b>	<b>5</b>	<b>8</b>	<b>80</b>	<b>67,5</b>	<b>32,5</b>
• Aðrir listar, sjálfkjörið Other candidate lists, one list, no voting	2	2	20	65,0	35,0
• Aðrir listar Other candidate lists	3	6	60	68,3	31,7

**Tafla 22. Kjörnir sveitarstjórnarmenn eftir kyni og aldri 2006***Tafla 22. Representatives elected in local government elections by sex and age 2006*

	18– 29 Alls Total	30– ára years	40– ára years	50– ára years	60– ára years	70 ára og eldri and over	Meðal- aldur, ár Mean age
<b>Fulltrúar alls <i>Representatives total</i></b>	<b>529</b>	<b>20</b>	<b>143</b>	<b>224</b>	<b>116</b>	<b>26</b>	— <b>44,7</b>
Karlar <i>Males</i>	339	12	77	143	83	24	— <b>45,9</b>
Konur <i>Females</i>	190	8	66	81	33	2	— <b>42,6</b>
<b>Sveitarfélög með 1.000 íbúa og fleiri</b>							
<i>Municipalities of 1,000 inhabitants and over</i>	<b>268</b>	<b>10</b>	<b>74</b>	<b>107</b>	<b>65</b>	<b>12</b>	— <b>45,0</b>
Karlar <i>Males</i>	164	5	41	62	45	11	— <b>46,4</b>
Konur <i>Females</i>	104	5	33	45	20	1	— <b>42,8</b>
<b>Sveitarfélög með 300–999 íbúa og fleiri</b>							
<i>Municipalities of 300–999 inhabitants and over</i>	<b>168</b>	<b>7</b>	<b>46</b>	<b>79</b>	<b>29</b>	<b>7</b>	— <b>43,8</b>
Karlar <i>Males</i>	109	4	21	54	24	6	— <b>45,4</b>
Konur <i>Females</i>	59	3	25	25	5	1	— <b>41,0</b>
<b>Sveitarfélög með 299 íbúa og færri</b>							
<i>Municipalities of less than 300 inhabitants</i>	<b>93</b>	<b>3</b>	<b>23</b>	<b>38</b>	<b>22</b>	<b>7</b>	— <b>45,6</b>
Karlar <i>Males</i>	66	3	15	27	14	7	— <b>45,7</b>
Konur <i>Females</i>	27	0	8	11	8	0	— <b>45,3</b>
<b>Hlutbundin kosning <i>Proportional voting</i></b>	<b>436</b>	<b>17</b>	<b>116</b>	<b>188</b>	<b>96</b>	<b>19</b>	— <b>44,7</b>
Karlar <i>Males</i>	275	10	62	117	69	17	— <b>46,0</b>
Konur <i>Females</i>	161	7	54	71	27	2	— <b>42,6</b>
<b>Óbundin kosning <i>Direct voting</i></b>	<b>93</b>	<b>3</b>	<b>27</b>	<b>36</b>	<b>20</b>	<b>7</b>	— <b>44,6</b>
Karlar <i>Males</i>	64	2	15	26	14	7	— <b>45,7</b>
Konur <i>Females</i>	29	1	12	10	6	0	— <b>42,2</b>
<b>Höfuðborgarsvæði <i>Capital Region</i></b>	<b>70</b>	<b>2</b>	<b>20</b>	<b>28</b>	<b>16</b>	<b>4</b>	— <b>45,0</b>
Karlar <i>Males</i>	41	0	11	16	11	3	— <b>46,9</b>
Konur <i>Females</i>	29	2	9	12	5	1	— <b>42,2</b>
<b>Landsbyggð <i>Capital Region</i></b>	<b>459</b>	<b>18</b>	<b>123</b>	<b>196</b>	<b>100</b>	<b>22</b>	— <b>44,7</b>
Karlar <i>Males</i>	298	12	66	127	72	21	— <b>45,8</b>
Konur <i>Females</i>	161	6	57	69	28	1	— <b>42,6</b>
<b>Endurkjörnir fulltrúar<sup>1</sup></b>							
<i>Representatives re-elected<sup>1</sup></i>							
Alls Total	<b>238</b>	<b>2</b>	<b>38</b>	<b>118</b>	<b>63</b>	<b>17</b>	— <b>47,3</b>
Karlar <i>Males</i>	179	2	28	87	46	16	— <b>47,6</b>
Konur <i>Females</i>	59	0	10	31	17	1	— <b>46,4</b>
<b>Nýkjörnir fulltrúar</b>							
<i>Representatives elected for the first time</i>							
Alls Total	<b>291</b>	<b>18</b>	<b>105</b>	<b>106</b>	<b>53</b>	<b>9</b>	— <b>42,6</b>
Karlar <i>Males</i>	160	10	49	56	37	8	— <b>44,1</b>
Konur <i>Females</i>	131	8	56	50	16	1	— <b>40,8</b>
<b>Fulltrúar af 1.000 íbúum í aldurshópnum<sup>2</sup></b>							
<i>Representatives of 1,000 inhab. in the age group</i>	<b>2,3</b>	<b>0,4</b>	<b>3,3</b>	<b>5,0</b>	<b>3,2</b>	<b>1,1</b>	— •
Karlar <i>Males</i>	3,0	0,4	3,5	6,2	4,4	2,1	— •
Konur <i>Females</i>	1,7	0,3	3,2	3,7	1,9	0,2	— •

Skýring Note: Aldur sveitarstjórnarmanna m.v. aldur á kjördag. Age refers to age on election day.

<sup>1</sup> Endurkjörnir á við þá sem voru einnig kjörnir í kosningunum 2002. Re-elected refers to those also elected in the 2002 elections.<sup>2</sup> Heildartala miðast við íbúa á kosningaaldri, 18 ára og eldri. The total refers to the population of voting age, 18 years and over.

**Tafla 23. Kjörnir fulltrúar stjórnmálasamtaka þar sem kosning var hlutbundin 2006**

Table 23. Elected representatives of political organizations in proportional elections 2006

	Fram-sóknar-flokkur Alls Total	Sjálf-stæðis-flokkur Pro-gressive Party	Frjáls-lyndi Inde-pendence Party	Sam-fylk-ingin Liberal Party	Vinstri-hreyfingin The Alliance	Aðrir listar framboð The Left-Green Movement	Vinstri-hreyfingin Aðrir listar Other candi-dates
<b>Kjörnir fulltrúar alls</b>							
<i>Representatives elected, total</i>	<b>436</b>	<b>45</b>	<b>130</b>	<b>3</b>	<b>35</b>	<b>14</b>	<b>209</b>
Karlar Males	275	32	78	2	19	9	135
Konur Females	161	13	52	1	16	5	74
Endurkjörnir fulltrúar Re-elected	187	25	53	1	17	2	89
Karlar Males	141	19	34	1	13	2	72
Konur Females	46	6	19	0	4	0	17
Nýkjörnir fulltrúar Elected first time	249	20	77	2	18	12	120
Karlar Males	134	13	44	1	6	7	63
Konur Females	115	7	33	1	12	5	57
<b>Hlutfall nýkjörinna fulltrúa</b>							
<i>Elected first time, per cent</i>	<b>57,1</b>	<b>44,4</b>	<b>59,2</b>	<b>66,7</b>	<b>51,4</b>	<b>85,7</b>	<b>57,4</b>
Karlar Males	48,7	40,6	56,4	50,0	31,6	77,8	46,7
Konur Females	71,4	53,8	63,5	100,0	75,0	100,0	77,0
<b>Meðalaldur fulltrúa, ár</b>							
<i>Mean age of representatives, years</i>	<b>44,7</b>	<b>45,6</b>	<b>43,9</b>	<b>51,8</b>	<b>44,6</b>	<b>46,2</b>	<b>44,9</b>
Karlar Males	46,0	45,4	45,4	58,1	45,8	47,2	46,2
Konur Females	42,6	46,3	41,8	39,0	43,3	44,4	42,4

**Skýring:** Eftirtaldir framboðslistar með sömu listabókstafi og stjórnmálaflokkarnir eru taldir með öðrum listum. Following candidate lists with the same abbreviations as the lists of political parties are included with the group other lists: F-listinn (F), Eyjafjarðarsveit; Framfarasinnaðir kjósendar (F), Garði; Listi Bæjarmálafelagsins Samstöðu (S), Vesturbyggð; Skagastrandarlistinn (S), Höfðahreppi; Vestmannaeyjalistinn (V).

**Tafla 24. Kjósendur á kjörskrá og greidd atkvæði í einstökum sveitarfélögum 2006**Table 24. *Voters on the electoral roll and votes cast in local government elections 2006*Landsvæði *Region*Sveitarfélag *Municipality*

	Kosningaháttur <sup>1</sup> election mode <sup>1</sup>	Kjósendur á kjörskrá <i>Voters on the electoral roll</i>		
		Alls Total	Karlar Males	Konur Females
<b>Allt landið Whole country</b>	<b>79</b>	<b>216.163</b>	<b>107.494</b>	<b>108.669</b>
Bundin hlutfallskosning <i>Proportional voting</i>	58	213.067	105.820	107.247
Bundin hlutfallskosning, sjálfkjörið				
<i>One list elected without voting</i>	2	231	127	104
Óbundin kosning <i>Direct voting</i>	19	2.865	1.547	1.318
<b>Sveitarfélög með 1.000 íbúa og fleiri, bundin hlutfallskosning</b>				
<i>Municipalities of 1,000 inhabitants and over, proportional voting</i>	<b>32</b>	<b>202.270</b>	<b>100.081</b>	<b>102.189</b>
<b>Sveitarfélög með 300–999 íbúa</b>				
<i>Municipalities of 300–999 inhabitants</i>	<b>28</b>	<b>11.856</b>	<b>6.291</b>	<b>5.565</b>
Bundin hlutfallskosning <i>Proportional voting</i>	22	10.283	5.448	4.835
Óbundin kosning <i>Direct voting</i>	6	1.573	843	730
<b>Sveitarfélög með 299 íbúa eða færri</b>				
<i>Municipalities of less than 300 inhabitants</i>	<b>19</b>	<b>2.037</b>	<b>1.122</b>	<b>915</b>
Bundin hlutfallskosning <i>Proportional voting</i>	4	514	291	223
Bundin hlutfallskosning, sjálfkjörið <i>One list elected without voting</i>	2	231	127	104
Óbundin kosning <i>Direct voting</i>	13	1.292	704	588
<b>Höfuðborgarsvæði Capital region</b>				
		<b>137.661</b>	<b>67.420</b>	<b>70.241</b>
Reykjavík	H	85.608	41.794	43.814
Kópavogur	H	19.351	9.475	9.876
Seltjarnarnes	H	3.285	1.600	1.685
Garðabær	H	6.811	3.333	3.478
Hafnarfjörður	H	15.971	7.911	8.060
Sveitarfélagið Álftanes	H	1.509	752	757
Mosfellsbær	H	5.004	2.486	2.518
Kjósarhreppur	H	122	69	53
<b>Suðurnes Southwest</b>				
		<b>12.485</b>	<b>6.309</b>	<b>6.176</b>
Reykjanesbær	H	8.082	4.053	4.029
Grindavíkurbaer	H	1.748	883	865
Sandgerði	H	1.029	535	494
Sveitarfélagið Garður	H	934	467	467
Sveitarfélagið Vogar	H	692	371	321
<b>Vesturland West</b>				
		<b>10.374</b>	<b>5.327</b>	<b>5.047</b>
Akranes	H	4.157	2.118	2.039
Skorradalshreppur	Ó	47	25	22
Hvalfjarðarsveit	H	404	216	188
Borgarbyggð	H	2.501	1.261	1.240
Grundarfjarðarbær	H	631	334	297
Helgafellssveit	Ó	45	24	21
Stykkishólmur	H	798	405	393
Eyja- og Miklaholtshreppur	Ó	96	55	41
Snæfellsbær	H	1.159	608	551
Dalabyggð	H	536	281	255

Greidd atkvæði <i>Votes cast</i>									Gildir seðlar, auðir og ógildir <i>Valid and invalid votes</i>			Íbúatala 1.maí 2006	
				Utankjör- fundar- atkvæði <i>Absentee votes</i>			Kosningaþátttaka, % <i>Participation, %</i>			Gildir seðlar <i>Valid votes</i>	Auðir seðlar <i>Blank ballots</i>	Ógildir seðlar <i>Void ballots</i>	1 May 2006
Alls <i>Total</i>	Karlar <i>Males</i>	Konur <i>Females</i>		Alls <i>Total</i>	Karlar <i>Males</i>	Konur <i>Females</i>							
<b>169.976</b>	<b>83.804</b>	<b>86.172</b>		<b>22.371</b>	<b>78,7</b>	<b>78,1</b>		<b>79,4</b>	<b>165.890</b>	<b>3.545</b>	<b>541</b>	<b>303.038</b>	
167.996	82.769	85.227		22.164	78,8	78,2		79,5	163.964	3.500	532	298.498	
•	•	•		•	•	•		•	•	•	•	300	
1.980	1.035	945		207	69,1	66,9		71,7	1.926	45	9	4240	
<b>158.620</b>	<b>77.839</b>	<b>80.781</b>		<b>20.732</b>	<b>78,4</b>	<b>77,8</b>		<b>79,1</b>	<b>154.886</b>	<b>3.275</b>	<b>459</b>	<b>283.243</b>	
9.956	5.201	4.755		1.499	84,0	82,7		85,4	9.634	244	78	17.052	
8.920	4.671	4.249		1.385	86,7	85,7		87,9	8.632	218	70	14.547	
1.036	530	506		114	65,9	62,9		69,3	1.002	26	8	2.505	
<b>1.400</b>	<b>764</b>	<b>636</b>		<b>140</b>	<b>77,5</b>	<b>76,8</b>		<b>78,4</b>	<b>1.370</b>	<b>26</b>	<b>4</b>	<b>2.743</b>	
456	259	197		47	88,7	89,0		88,3	446	7	3	708	
•	•	•		•	•	•		•	•	•	•	300	
944	505	439		93	73,1	71,7		74,7	924	19	1	1.735	
<b>105.539</b>	<b>51.243</b>	<b>54.296</b>		<b>13.543</b>	<b>76,7</b>	<b>76,0</b>		<b>77,3</b>	<b>103.288</b>	<b>1.997</b>	<b>254</b>	<b>189159</b>	
66.040	31.949	34.091		9.228	77,1	76,4		77,8	64.895	1.014	131	115.874	
14.930	7.238	7.692		1.681	77,2	76,4		77,9	14.591	320	19	26.831	
2.571	1.232	1.339		274	78,3	77,0		79,5	2.493	67	11	4.480	
5.087	2.502	2.585		592	74,7	75,1		74,3	4.886	176	25	9.400	
11.723	5.779	5.944		1.259	73,4	73,1		73,7	11.385	293	45	22.863	
1.234	608	626		142	81,8	80,9		82,7	1.189	40	5	2.249	
3.842	1.871	1.971		358	76,8	75,3		78,3	3.741	84	17	7.294	
112	64	48		9	91,8	92,8		90,6	108	3	1	168	
<b>10.197</b>	<b>5.092</b>	<b>5.105</b>		<b>1.097</b>	<b>81,7</b>	<b>80,7</b>		<b>82,7</b>	<b>9.967</b>	<b>180</b>	<b>50</b>	<b>18.131</b>	
6.403	3.178	3.225		715	79,2	78,4		80,0	6.229	143	31	11.453	
1.476	732	744		172	84,4	82,9		86,0	1.457	15	4	2.643	
925	477	448		72	89,9	89,2		90,7	913	11	1	1.584	
816	400	416		77	87,4	85,7		89,1	803	8	5	1.409	
577	305	272		61	83,4	82,2		84,7	565	3	9	1.042	
<b>8.652</b>	<b>4.379</b>	<b>4.273</b>		<b>1.149</b>	<b>83,4</b>	<b>82,2</b>		<b>84,7</b>	<b>8.328</b>	<b>283</b>	<b>41</b>	<b>14.937</b>	
3.391	1.690	1.701		404	81,6	79,8		83,4	3.300	82	9	5.833	
29	14	15		5	61,7	56,0		68,2	27	2	—	60	
366	195	171		31	90,6	90,3		91,0	354	7	5	602	
1.925	955	970		170	77,0	75,7		78,2	1.785	130	10	3.676	
557	289	268		120	88,3	86,5		90,2	533	18	6	968	
38	20	18		2	84,4	83,3		85,7	38	—	—	54	
738	377	361		130	92,5	93,1		91,9	722	11	5	1.169	
88	49	39		11	91,7	89,1		95,1	87	1	—	135	
1.057	553	504		203	91,2	91,0		91,5	1.027	25	5	1.727	
463	237	226		73	86,4	84,3		88,6	455	7	1	713	

Tafla 24. Kjósendur á kjörskrá og greidd atkvæði í einstökum sveitarfélögum 2006 (frh.)  
 Table 24. Voters on the electoral roll and votes cast in local government elections 2006 (cont.)

Landsvæði *Region*Sveitarfélag *Municipality*

Kosningaháttur <sup>1</sup> <i>election mode<sup>1</sup></i>	Kjósendur á kjörskrá <i>Voters on the electoral roll</i>		
	Alls <i>Total</i>	Karlar <i>Males</i>	Konur <i>Females</i>
<b>Vestfirðir Westfjords</b>			
Bolungarvík	H	647	329
Ísafjarðarbær	H	2.859	1.436
Reykhólahreppur	Ó	189	103
Tálknafjarðarhreppur	H	194	105
Vesturbýggð	H	686	352
Súðavíkurhreppur	Ó	165	85
Árneshreppur	Ó	43	27
Kaldrananeshreppur	Ó	85	43
Bæjarhreppur	H	69	39
Strandabyggð	H	370	207
<b>Norðurland vestra Northwest</b>			
Sveitarfélagið Skagafjörður	H	2.950	1.511
Húnafjörð vestra	H	863	433
Blönduósþær	H	664	331
Höfðahreppur	H	377	200
Skagabyggð	Ó	66	36
Húnvatnshreppur	H	317	181
Akrahreppur	Ó	166	94
<b>Norðurland eystra Northeast</b>			
Akureyri	H	12.066	5.829
Norðurþing	H	2.226	1.152
Fjallabyggð	H	1.706	879
Dalvíkurbyggð	H	1.320	669
Grímseyjarhreppur	Ó	66	36
Arnarneshreppur	H	126	76
Eyjafjarðarsveit	H	666	349
Hörgárbyggð	Ó	287	156
Svalbarðsstrandarhreppur	Ó	261	135
Grytubakkahreppur	Ó	256	135
Skútustaðahreppur	Ó	306	158
Aðaldælahreppur	H	197	107
Tjörneshreppur	S	54	30
Þingeyjarsveit	H	514	285
Svalbarðshreppur	Ó	83	47
Langanesbyggð	H	376	216
<b>Austurland East</b>			
Seyðisfjörður	H	545	286
Fjarðabyggð	H	2.930	1.532
Vopnafjarðarhreppur	H	532	281
Fljótsdalshreppur	Ó	69	41
Borgarfjarðarhreppur	Ó	111	63
Breiðdalshreppur	S	177	97
Djúpavogshreppur	H	342	195

Greidd atkvæði <i>Votes cast</i>								Gildir seðlar, auðir og ógildir <i>Valid and invalid votes</i>				Íbúatala
Alls Total	Karlar Males	Konur Females	Utankjör- fundar- atkvæði <i>Absentee</i> votes	Kosningapátttaka, % <i>Participation, %</i>			Gildir seðlar <i>Valid</i> votes	Auðir seðlar <i>Blank</i> ballots	Ógildir seðlar <i>Void</i> ballots	1.maí 2006 <i>Population</i> 1 May 2006		
				Alls Total	Karlar Males	Konur Females						
<b>4.572</b>	<b>2.326</b>	<b>2.246</b>	<b>759</b>	<b>86,2</b>	<b>85,3</b>	<b>87,0</b>	<b>4.449</b>	<b>102</b>	<b>21</b>	<b>7.545</b>		
570	284	286	107	88,1	86,3	89,9	553	15	2	918		
2.509	1.253	1.256	393	87,8	87,3	88,3	2.458	42	9	4.110		
116	64	52	12	61,4	62,1	60,5	112	4	—	250		
177	95	82	27	91,2	90,5	92,1	169	8	—	304		
626	321	305	137	91,3	91,2	91,3	597	23	6	957		
110	54	56	9	66,7	63,5	70,0	107	3	—	238		
36	22	14	8	83,7	81,5	87,5	35	1	—	50		
64	32	32	3	75,3	74,4	76,2	61	2	1	110		
65	37	28	11	94,2	94,9	93,3	64	—	1	103		
299	164	135	52	80,8	79,2	82,8	293	4	2	505		
<b>4.546</b>	<b>2.337</b>	<b>2.209</b>	<b>697</b>	<b>84,1</b>	<b>83,9</b>	<b>84,4</b>	<b>4.430</b>	<b>103</b>	<b>13</b>	<b>7.478</b>		
2.450	1.256	1.194	345	83,1	83,1	83,0	2.377	66	7	4.092		
717	359	358	90	83,1	82,9	83,3	694	21	2	1.168		
597	292	305	124	89,9	88,2	91,6	588	6	3	900		
332	177	155	93	88,1	88,5	87,6	328	3	1	533		
43	24	19	4	65,2	66,7	63,3	43	—	—	98		
276	154	122	30	87,1	85,1	89,7	270	6	—	465		
131	75	56	11	78,9	79,8	77,8	130	1	—	222		
<b>16.376</b>	<b>8.117</b>	<b>8.259</b>	<b>2.360</b>	<b>80,1</b>	<b>79,4</b>	<b>80,8</b>	<b>16.012</b>	<b>317</b>	<b>47</b>	<b>28.517</b>		
9.461	4.551	4.910	1.245	78,4	78,1	78,7	9.278	168	15	16.769		
1.809	925	884	296	81,3	80,3	82,3	1.736	68	5	3.081		
